

Haraldur Birgir Haraldsson,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Suðurlandsvegi 1-3  
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

# AFRIT

Reykjavík, 19. ágúst 2014  
Tilvísun: UST20140700128/ksj

## Tillaga breytingu á aðalskipulagi Rangárbings ytra. Frístundasvæði í Hallstúni

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárbings ytra er barst 16. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárbings ytra 2010 - 2022. Breytingin tekur til frístundasvæðis í landi Hallstúns.

### Breytingar er tillagan felur í sér


Gert er ráð fyrir nýju frístundasvæði í landi Hallstúns, merkt reitur 72, svæðið er alls 3 ha. Einnig er gert ráð fyrir að frístundasvæði 27 í landi Hallstúns minnki úr 52 ha í 12 ha. á 12 ha svæðinu er gert ráð fyrir 5 frístundalóðum. Svæðið sem breytir um landnotkun verður landbúnaðarland og þar er gert ráð fyrir nýju býli.

### Mat á umhverfisáhrifum tillögu að aðalskipulagsbreytingu.

Fram kemur að landið sem breytingartillagan snýst um sé að stærstum hluta óræktað mólendi og mýrar. Umhverfisstofnun bendir á að mýrar 3 ha að stærð eða stærri eru vistkerfi er njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gera grein fyrir áhrifum aðalskipulagsbreytingar á mýrlendi sem njóta sérstakrar verndar.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri